



Háskólinn  
á Akureyri

## Fundargerð háskólaráðs

344. fundur 1. apríl 2014

í fundaherbergi 262, Borgum kl. 12.30 – 15.05

Staðgengill rektors, Sigrún Stefánsdóttir, setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hennar:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (í síma)  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigriður Vilhjálmsdóttir varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirdsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvíndasviðs  
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri  
Stefán Jóhannsson forstöðumaður nemendaskrár

---

Sigrún setti fund kl. 12.30. Skilaði hún kveðju rektors til háskólaráðs.

### 1. Fundargerð, mál til kynningar

Fundargerð 142. fundar var borin upp og samþykkt.

Hjalti Þór Hreinsson vefstjóri tók mynd af háskólaráði af því tilefni að allir viðstaddir fulltrúar eru konur, en óvist er hvort það hefur gerst áður.

SD  
HEA f.a. SD  
KK

- Sigrún sýndi mynd af þróun fjárhagsstöðu háskólans þar sem m.a. kemur fram að háskólanum hefur á árunum 2009 - 2013 tekist að greiða niður að fullu uppsafnaðan halla frá fyrri árum. Sagði hún frá fundi með Brynhildi Pétursdóttur alþingismanni þar sem góður árangur í rekstri háskólans var ræddur. Ákveðið er að fara á fund þingmanna Norðausturkjördæmis til að ræða framlög til háskólans í kjölfarið.
- Kristín lagi fram tillögu þess efnis að fulltrúar háskólans eigi einnig fund með frambjóðendum til bæjarstjórnarkosninga á Akureyri. Verði þar rætt um tengsl háskólans við atvinnulíf í bænum og atvinnumöguleika háskólamenntaðra norðan heiða. Fékk tillagan góðar undirtektir.

Ólafur og Úlfar komu á fundinn og bauð Sigrún þá velkomna.

Háskólaráð gerði stutt fundarhlé til að hlusta á flutning HA-kórsins í anddyri Borga.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-febrúar, rekstur HA 2015

**1403039**

Úlfar útskýrði yfirlitið. Varðandi launagreiðslur á fræðasviðunum gat hann þess að eftir er að færa tekjur á móti kostnaði vegna rannsóknarmissera og einnig vegna verkefna (styrki). Þrátt fyrir þetta er launakostnaður á fræðasviðum ívíð meiri en búist var við og þarf að fylgjast vel með. Rekstur stoðþjónustu/stjórnsýslu er innan áætlaðra marka. Einhver kostnaður vegna vinnu varðandi stofnanaúttekt getur átt eftir að bælast við, bæði á fræðasviðum og í stjórnsýslu/stoðþjónustu.

Sigrún Magnúsdóttir kom á fundinn.

Úlfar svaraði fyrirspurnum varðandi yfirlitið. Fram kom í umræðu að sparnaður vegna uppsagnar á leigusamningi um húsnæði á Borgum muni skila sér árið 2015, gæti þá orðið 20-30 mkr.

Varðandi rekstrarárfkomu háskólans var rætt um að nýta þann góða árangur háskólanum til framdráttar. Fyrst þarf að liggja fyrir hvaða uppbyggingu/endurbætur háskólinn vil leggja áherslu á.

Sigrún þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

SD  
HÉA HK

### 3. Gæðaúttekt í HA

Sigrún Stefánsdóttir bauð Sigrúnu Magnúsdóttur gæðastjóra velkomna.

Gæðastjóri greindi frá heimsókn úttektarnefndarinnar 25. – 27. mars. Nefndin hitti 132 einstaklinga úr háskólasamfélaginu á þremur dögum. Gekk það vel og var það álit nefndarinnar að allir hefðu verið vel undirbúnir og áhugasamir fyrir hönd háskólans.

Greindi gæðastjóri frá því hvernig hún hayaði undirbúningi fyrir heimsóknina, m.a. að hún hélt fundi með starfsfólk og nemendum sem síðan hittu úttektarnefndina. Allir fengu aðgang að fylgiskjölum með Reflective Analysis skýrslunni og var mikil og almenn notkun á gögnunum.

Gæðastjóri og Ögmundur Knútsson, staðgengill rektors, funduðu með úttektarnefndinni í lok hvers dags. Greindi gæðastjóri frá nokkrum punktum sem þar komu fram. Ekkert óvænt kom upp að mati nefndarinnar. Nefndin sagði að fyrrum nemendur og fulltrúar atvinnulífsins (þ.e.a.s. Góðvinir HA og fleiri) væru háskólanum mikilvægir málsvarar. Sá hópur hefur ýmsar skoðanir varðandi nýtt námsframboð.

Úttektarnefndin varð vör við veikleika varðandi fjarnám og fjarfund, m.a. mismunandi aðferðir við fjarkennslu eftir fræðasviðum og tækniörðugleika. Gæðastjóri lýsti þeirri skoðun sinni að styrkja ætti fjarkennslu og allt sem henni tilheyrir. Úttektarnefndin hafði einnig áhyggjur af því að dregið hefur úr ráðningu prófdómara við háskólann, en gæðastjóri sagði það þó ánægjulegt hvernig fræðasviðin hafa brugðist við þessu til að tryggja gæði. Úttektarnefndin var mjög ánægð með Reflective Analysis skýrsluna og taldi hana endurspeglar veruleika háskólans.

Gæðastjóri sagði R.A. – skýrsluna vera mikla gæðaumbót fyrir háskólann. Ekki síst er mikilvægt að nemendur hafa komið að gerð hennar á mjög virkan hátt.

Gæðastjóri upplýsti að vinna við aðgerðaáætlun er komin á veg, sbr. 40 atriði sem fram koma í R.A. og ákveðið var að vinna með. Hafinn er undirbúningur að stofnun fjögurra starfshópa þ.e. hópur sem rýnir lykiltölur háskólans og undirbýr „benchmarking“ með öðrum háskóla, hópur sem skrifar verkferla um nýtt námsframboð, ásamt leiðbeiningum til starfsfólks um það hvernig slíkt er undirbúið, hópur sem endurskoðar reglur HA um

SD  
HAFN J.A. HAFN

námsmat, meðal annars m.t.t. notkunar á Moodle, og starfsþróunarteymi, sem mun skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk á hverju ári.

Úttektarnefndin mun skila samandregnum athugasemdum sínum eftir úttektina á einu A-4 blaði næstu daga. Þar mun koma fram hvaða einkunn háskólinn fær. Drög að ítarlegri skýrslu koma í júní sem háskólinn bregst við varðandi staðreyndir, ef þarf. Öllu ferlinu lýkur í haust með endanlegri útgáfu matsskýrslunnar.

Gæðastjóri vakti athygli á málþingi ráðgjafanefndar Gæðaráðs íslenskra háskóla sem haldið verður 3. apríl.

Gæðastjóri svaraði fyrirspurnum háskólaráðs.

Háskólaráð ákvað að efna til fundar með fyrrum nemendum háskólans og fulltrúum atvinnulífsins (Góðvinum HA og fleirum), til að kynna sér hugmyndir þeirra sem varða framtíð háskólans.

Sigrún þakkaði gæðastjóra fyrir afar góða vinnu við undirbúning og framkvæmd stofnanaúttektarinnar. Háskólaráð tók undir það með lófataki. Gæðastjóri fór af fundinum.

4. Umsóknir um stöðu rektors, næstu skref, verkaskipting í veikindaleyfi rektors  
*1401153, 1403046*

Sigrún Stefánsdóttir greindi frá hvernig verkaskipting staðgengla rektors er. Rektor er í veikindaleyfi fram í maí. Ögmundur Knútsson forseti viðskipta- og raunvíssindasviðs er skipaður staðgengill hans. Þar sem Ögmundur er einn umsækjenda um embætti rektors, og málið er á borði háskólaráðs, mun Sigrún Stefánsdóttir forseti hug- og félagsvíssindasviðs vera staðgengill rektors gagnvart háskólaráði, þ.e. fundum ráðsins og öllu sem að þeim lýtur.

Næstu skref í ráðningarferli nýs rektors. Háskólaráð ákvað að koma saman til fundar þegar tillögur valnefndar liggja fyrir. Fundurinn verður mánudaginn 14. apríl kl. 10.

Háskólaráð ákvað að taka frá laugardaginn 10. maí til að taka viðtöl við umsækjendur og funda um málið að þeim loknum.

Hei  
Hk

## 5. Uppbygging framhaldsnáms við HA

Sigrún greindi frá því að eftir heimsókn Brynhildar Pétursdóttur muni forsetar fræðasviða hittast óformlega til að vinna úr hugmyndum að nýju námsframboði, en þær eru margar. Háskólinn þarf að móta stefnu og forgangsröðun í þeim efnum. Brynhildur hefur óskað eftir að skólinn sendi þingmönnum kjördæmisins minnisblað áður en frekari viðræður við þingmenn um fjárfamlög fara fram. Í umræðu háskólaráðs komu fram ýmsir punktar:

- Nýtt námsframboð þarf að tengjast framtíðarsýn háskólans og forgangsröðun
- Nefnd voru ýmis hugtök s.s. námsframboð og þarfir atvinnulífsins, námsframboð og kynjajafnvægi, umhverfislausnir, norðurslóðamál í víðu samhengi, tæknipekkning, ferðamennska, samskiptafræði, skapandi hugsun
- Huga þarf að styrkingu þess náms sem fyrir er
- Þörf er á málþingi um framtíð háskólans með sem viðtækastri þáttöku

Fram kom að háskólaráð hefur áður ákveðið að hefja vinnu við stefnumörkun í þessu samhengi. Þörf er á að skýra hvernig eftirfylgni með ákvörðunum háskólaráðs er hagað. Á næsta fundi háskólaráðs mun Sigrún Stefánsdóttir greina frá niðurstöðu fundar með þingmönnum kjördæmisins.

## 6. Brautskráning 1. júní 2014

1309039

Ólafur Búi kom á fundinn og bauð Sigrún hann velkominn.

Framkvæmdastjórn hefur ákveðið, á grundvelli greinargerðar starfshóps 27. febr. 2014, að háskólahátíð 14. júní nk. verði haldin í húsakynnum skólans á Sólborg.

Starfshópurinn sér bæði kosti og galla við það. M.a. eru áhyggjur af að ekki takist að skapa þann hátiðleika sem jafnan hefur ríkt við brautskráningu. Mestur vandinn varðar tæknimálin, að allir gestir geti séð brautskráningarathöfnina svo fullnægjandi sé.

Ólafur Búi telur að nemendur séu almennt jákvæðir gagnvart því að hafa háskólahátíð „heima“.

Ólafur Búi svaraði fyrirspurnum. Háskólaráð er hlynnt því að háskólahátíð verði haldin á Sólborg, en að ýmsu er að hyggja.

Sigrún mun senda Margréti Blöndal greinargerð starfshópsins og koma á sambandi við

SYL

HÉT KÍA SJ HK

hana, en Margrét mun gera handrit að viðburðinum í heild sinni.  
Sigrún þakkaði Ólafi Búa fyrir og fór hann af fundinum.

**7. Fjöldatakmörkun á heilbrigðisvíndasviði**

**1403051**

Árún kom á fundinn og bauð Sigrún hana velkomna.

Fylgdi Árún eftir beiðni um fjöldatakmörkun þeirra sem hefja 1. árs nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvíndasvið HA á vormísseri 2014. Lagt er til að takmarka fjöldann við 50 nemendur. Það er óbreytt frá fyrra ári.

Í umræðu kom fram sú spurning hvort háskólarnir önnuðu nauðsynlegri nýliðun í stétt hjúkrunarfræðinga. Árún mun afla upplýsinga um það hversu vel námspláss í hjúkrunarfræði nýtast á landsvísu (mjög lítið brotthvarf er hjá HA). Einnig var rætt um kynjahalla í greininni og hugsanlegar ástæður hans.

Sigrún þakkaði Árúnu fyrir og fór hún af fundinum.

Háskólaráð samþykkti beiðni heilbrigðisvíndasviðs um fjöldatakmörkun.

**8. Skipun öryggisnefndar**

**1402036**

Sigrún gerði grein fyrir tillögu að skipun öryggisnefndar 2014 – 2016 og var hún samþykkt.

Í öryggisnefnd eru skipuð:

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, tilnefndur af rektor

Sonja Stelly Gústafsdóttir aðjúknt, tilnefnd af rektor

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, tilnefnd af FHA

Hermann Óskarsson prófessor, tilnefndur af Félagi prófessora við ríkisháskóla sem starfa við HA

Til vara:

Sara Stefánsdóttir lektor, tilnefnd af rektor

Ása Guðmundsdóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af SFR



## 9. Önnur mál

Vegna fréttar í Akureyri vikublað kom fyrirspurn um Ólafsstofu við Háskólann á Akureyri.

Sigrún greindi frá því að ekki væri enn búið að setja á fót formlega stofnun, en ýmis verkefni hefðu tengst þessu máli. Sigrún mun kanna hvers eðlis Ólafsstofa er og hvort og hvenær hún verður stofnuð formlega.

Svanfríður fór af fundinum.

Stefán Jóhannsson kom á fundinn og bauð Sigrún hann velkominn.

Dreifði hann yfirliti yfir fjölda umsókna um námsvist haustið 2014, stöðuna 31.mars. Mikil aukning er á umsóknum frá fyrra ári, úr 68 í 188 á sama tíma.

Rætt var um kynningu háskólans á Háskóladegi í Reykjavík sem þótti takast mjög vel.

Stefán greindi frá því helsta sem gerst hefur til bóta í Uglumálum en ítarlegt yfirlit yfir stöðu mála lá fyrir fundinum. M.a. kom fram:

- Að Ari Kristinsson frá Reiknistofnun hefur verið við HA í eina viku og væri þörf fyrir miklu meiri viðveru til að leysa ýmis vandamál
- Það þarf nauðsynlega að bæta þekkingu á virkni Uglunnar meðal starfsfólks háskólans
- Reynt verður að prenta brautskráningarskírteini frá hjúkrunarfræðideild út út Uglunni í vor
- Einnig á að reyna að prenta leyfisbréf fyrir kennaraefni úr Uglunni
- Að mikil þörf er fyrir Uglusérfræðing sem er staðsettur við háskólann. Auglýsing um starfskraft á vegum Reiknistofnar HÍ bar ekki þann árangur. Mannafli í Ugluteymi RHÍ er sá sami og áður en hún fékk það hlutverk að þjónusta hina opinberu háskólana
- Stefán telur að afdrif ályktunar háskólaráðs frá 29. maí 2013 hafi orðið þau að hún hafi aldrei borist þróunarstjóra Uglunnar, og litlu breytt

Háskólaráð álítur að best væri að ráða starfsmann að háskólanum til að vinna að Uglumálum. Sigrún mun taka málið upp við Ögmund Knútsson.

Sigrún þakkaði Stefáni fyrir og fór hann af fundinum.

Rætt var um eftirfylgni með ákvörðunum háskólaráðs, hugsanlega minnisblað til hliðar við fundargerð.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.

Sigrún Jónasdóttir  
Kniðlin Ástgírðólfssdóttir  
Hornvna Grímur Þorðarson  
Hafdis Úrný Áshjámarðóttir

Sigrún Jónasdóttir  
SSP  
SD HKR  
A.P. HK  
H.K.